



Brynhildur Pétursdóttir.

Til varnar neytendum

Oft er haft á orði að íslenskir neytendur séu lítt á verði og láti allt yfir sig ganga. Íslenskum neytendum til varnar vil ég benda á að neytendavitund er ekki meðfæddur hæfileiki. Það er varla hægt að gera þá kröfu að neytendur séu upplýstir og meðvitaðir ef engin vitræn umræða um neytendamál er í gangi í þjóðfélaginu.

Þegar ég flutti heim frá Danmörku fyrir um 7 árum fannst mér furðulegt hvað neytendamálum var lítil gaumur gefinn hér enda orðin góðu vön eftir dvölinna ytra. Neytendamál fengu afar lítið pláss í fjölmiðlum og það var kannski einna helst að niðurstöðum verðkannana væru gerð einhver skil. Það vantaði þó ekki fréttir af hlutabréfamarkaði og um leið og einhver keypti eða seldi hlutabréf rataði sá gjörningur í fréttir.

Það var einnig sjaldgæft að hugtakið neytandi kæmi fyrir í þingsólum Alþingis. Stjórnámálameinn virtust einfaldlega ekki hafa áhuga á málaflokknum og við getum að mestu þakkað EES-samningnum þær réttarbætur sem við í dag teljum alveg sjálfsagðar. Í Danmörku drukku þingmenn fair-trade kaffi, settu lög um hámark transfitusýra í matvælum og bönnuðu skaðleg þalöt í ungbarnaleikföngum. Hér á landi höfðu alþingismenn meiri áhyggjur af stækkun kanínustofnsins í Vestmannaeyjum en varasömum efnunum í leikföngum.

Neytendur voru með öðrum orðum afgangsstærð á markaði. Þeir verðskulduðu hvorki pláss í fjölmiðlum né á Alþingi. Það skyldi því engan undra að neytendavitund væri minni hér en víða annars staðar. En landslagið (svo notað sé vinæ!, en kannski svolítið klén, myndlíking) hefur gjörbreyst á allra síðustu árum. Áhugi fjölmiðla á neytendamálum hefur vaxið jafnt og þétt og í dag gera flestir fjölmiðlar neytendamálum mjög góð skil. Stjórnámálameinn virðast einnig vera að uppgötva mikilvægi málaflokksins og ánægjulegt er að nýr viðskiptaráðherra skyldi setja neytendamálin á oddinn frá fyrsta degi.

Ég ætla einnig að leyfa mér að halda því fram Neytendasamtökin hafi lagt mikilvægt lóð á vogarskálarnar en í yfir fimm áratugi hafa samtökin barist fyrir bættum hag neytenda og frætt og upplýst þá um margvísleg málefni eins og lesendur Neytendablaðsins þekkja kannski hvað best.

Ég hef ekki, frá því ég flutti til landsins fyrir 7 árum, upplifað jafnmikinn áhuga og umræðu um neytendamál og ég verð vör við nú. Við erum klárlega á rétttri leið og ég tel enga ástæðu til að ætla við getum ekki orðið fremstir meðal neytenda.

Efni

Leiðari ritstjóra	2
Kvörtunarþjónustan	3
Frihafnarverð	4
Reiðhjólahljálmar	6
Svínarækt á Íslandi	8
Leiðakerfi neytenda	12
Frá formanni	13
Gæðakönnun á barnabílstólum	14
Þvottamerki	17
Neytendapönk	18
Pálmolia	20
Nöldrarin á slysó	21
Snyrtivörugauglýsingar	22



Blaðið er prentað á umhverfisvænan hátt.

NEYTENDABLAÐIÐ

2. tbl., 54. árg. - júní 2008

Útgefandi: Neytendasamtökin,

Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík

Sími: 545 1200 Fax: 545 1212

Veffang: www.ns.is

Netfang: ns@ns.is

Ábyrgðarmaður: Jóhannes Gunnarsson

Ritstjóri: Brynhildur Pétursdóttir

Ritnefnd: Jóhannes Gunnarsson, Þuríður

Hjartardóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Umsjón með gæðakönnunum:

Ólafur H. Torfason

Yfirlestur: Finnur Friðriksson

Umbrot og hönnun: Uppheimar ehf.

Prentun: Guðjón Ó ehf. – vistvæn prentsmiðja

Upplag: 13.200 eintök, blaðið er sent öllum

félagsmönnum í Neytendasamtökunum

Ársáskrift: Árgjald Neytendasamtakanna

er 4.300 krónur og innifalið í því er

Neytendablaðið, 4 tölublöð á ári.

Heimilt er að vitna í Neytendablaðið í öðrum

fjölmiðlum sé heimildar getið. Óheimilt

er þó að birta heilar greinar eða töflur án

leyfis Neytendasamtakanna. Upplýsingar

úr Neytendablaðinu er óheimilt að nota í

auglýsingum og við sölu nema skriflegt leyfi

Neytendasamtakanna liggi fyrir.

Lykilorð á heimasíðu: svin06